

**Nr. 047 / 15 Jóa II SH 275**

### ***Vélarvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 7737  
Smíðaður: Akureyri 2012, plast  
Stærð: 5,8 bt.  
Mesta lengd: 8,74 m Skráð lengd: 8,67 m  
Breidd: 2,49 m Dýpt: 1,36 m  
Vél: Yanmar 116 kW, 2012  
Fjöldi skipverja: 1



Jóa II © Björgvin Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

#### ***Atvikalýsing:***

Þann 18. maí 2015 var Jóa II SH 275 á siglingu út af Rifshöfn. Veður: ANA 5-7 m/s. (Gufuskálar kl. 21:00)

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og fór að reka að landi. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg kom á vettvang og dró Jóa II til hafnar.

#### ***Við rannsókn kom fram:***

- að boltar í flangs á gír vélarinnar brotnuðu sem orsakaði að skrúfan missti afl;
- að þetta var í annað sinn sem þetta gerðist;
- að eftir atvikið var ákveðið að setja gírinn á gúmmípúða.

#### ***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.